



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík 11. nóvember 2020

Umsögn Neytendasamtakanna um á drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum (endurskoðun stjórnsýslu neytendamála).

Neytendasamtökin vísa til frumvarpsdraga frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sem birt eru í samráðsgátt stjórnvalda og snúa að breytingum skipulagi Neytendastofu.

Að meginstefnu snúa tillögurnar að því að færa mælifræði- og öryggissvið Neytendastofu undir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, en einnig er í greinargerð að finna óljósar hugmyndir um tilfærslu neytendaréttarsviðs og niðurlagningu Neytendastofu.

Neytendasamtökin eru ekki andvíg þeirri meginhugmynd að fækka smáum ríkisstofnunum, og að með því náist hagræðing, að því gefnu að til verði stærri og öflugir stofnanir sem geta sinnt verkefnum sínum af nauðsynlegri kostgæfni og festu. Þó ber að varast að til verði ofurstórar stofnanir hverra markmið eru óljós og verkefni snúa að hinum ólíklegustu málum. Þannig þekkja Neytendasamtökin ekki til stofnana í öðrum löndum sem bæði veita húsnæðislán og hafa umsjón með framkvæmd löggildingareftirlits með mælitækjum fyrirtækja. Með öðrum orðum snúa áhyggjur Neytendasamtakanna að því að áherslur stofnunar með svo stór og ólík verkefni verði ómarkvissar og lítil samlegð af þeim.

Að því sögðu gera Neytendasamtökin ekki sérstakar athugasemdir við að önnur stofnun en Neytendastofa sinni framvegis verkefnum mælifræðisviðs og öryggissviðs sem Neytendastofa hefur gert hingað til, að því gefnu að áfram verði vandað til verka.

Neytendasamtökin hnjóta um síðustu málsgrein 2.3 gr. og 3.mgr. 6.gr. þar sem fram koma óútfærð áform um niðurlagningu Neytendastofu og tilfærslu neytendaréttarsviðs hennar til annarrar stofnunar árið 2021. Sér í lagi gjalda samtökin varhug við tilfærslu verkefnanna til annarrar stofnunar í mögulegu sparnaðarskyni. Neytendasamtökin finna því ekki stað að óeðlilega miklu fé sé ráðstafað til neytendamála hér á landi. Þvert á móti er það tilfinning samtakanna að minna fé sé varið í málaflokkinn á Íslandi en í þeim löndum sem við berum okkur jafnan saman við.

Neytendasamtökin sjá í fyrirhuguðum breytingum tækifæri til að stórefla fyrirkomulag neytendamála og hvetja stjórnvöld til að gera úttekt á kostnaði og fyrirkomulagi neytendamála, þar með talið neytendaréttarmála, á hinum Norðurlöndunum áður en lengra er haldið, til að sjá megi hvort ekki draga megi nokkurn lærdóm af. Samtökin minna einnig á skýrslu sem kom út árið 2008, Ný sókn í neytendamálum, en því miður var ekki mikið gert með þær tillögur sem

þar komu fram. Var þvert á móti útbúin séríslensk lausn þar sem sett var á fót embætti talsmanns neytenda, sem ekki þekkist annars staðar. Var það embætti lagt niður 2014. Þau verkefni sem sett voru undir nýja stofnun, Neytendastofu, hafa að einhverju leyti verið færð til annarra stofnana og nú virðist ætlunin að leggja stofnunina niður með öllum. Er á þetta minnst hér til að brýna fyrir stjórnvöldum að móta heildstæða stefnu til framtíðar því málafokkurinn líður fyrir þann skort á framtíðarsýn sem einkennt hefur neytendamálin á Íslandi. Á hinum Norðurlöndunum er umgjörð neytendamála betri og sterkari en við eigum að venjast og er því einboðið að horfa til þess sem þar er gert. Lýsa Neytendasamtökin sig reiðubúin að koma að slíkri úttekt.

Þá árétta samtökin ályktun aðalfundar Neytendasamtakanna sem haldinn var 31. október sl. en hún hljóðar svo:

Um neytendarétt og Neytendastofu

Í framhaldi af áformum stjórnvalda um breytingar á Neytendastofu sem kynntar hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda ályktar aðalfundur Neytendasamtakanna 2020 eftirfarandi:

Neytendasamtökin gjalda varhug við óútfærðum áformum um tilfærslu verkefna neytendaréttarsviðs Neytendastofu út frá sparnaðarsjónarmiðum fyrir ríkissjóð. Ákvarðanir um breytingar á verkefnum Neytendastofu eða um niðurlagningu hennar verður að taka fyrst og fremst með hag neytenda í huga og með samráði og samræðum við almenning og almannasamtök sem gæta hags neytenda.

Aðalfundur Neytendasamtakanna hvetur stjórnvöld til að horfa til þess sem best gerist í nágrannalöndum okkar á þessu sviði. Nú er rétti tíminn til að renna styrkari stoðum undir neytendarétt á Íslandi og stórefla neytendastarf, bæði af opinberri hálfu og hjá samtökum neytenda. Neytendasamtökin eru reiðubúin til viðræðna við stjórnvöld um framtíðarskipan þessara mála.

Neytendasamtökin þakka fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hlakka til frekara samráðs um framtíðarskipulag þessa mikilvæga málaflökks.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson
formaður Neytendasamtakanna